

Hringrásarhagkerfið sett á oddinn

Sveitarfélög á Suðurnesjum, Isavia, Kadeco og SSS undirrita yfirlýsingu um að hraða innleiðingu hringrásarhagkerfisins



- Í tilefni af umræðufundi um innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna til eflingar samfélagsins á Suðurnesjum og að teknu tilliti til þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað innan málefnaþópa um stefnumiðin þá er lagt til að bakhjarlar verkefnisins undirriti yfirlýsingu um að „*Hraða innleiðingu hringrásarhagkerfisins*“.
- Í því felst að aðilar skuldbindi sig til þess að vinna áfram að aðgerðum til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, sameinist um aðgerðir gegn þeirri umhverfisvá sem plast í umhverfinu veldur, þ.e. að dregið verði úr notkun plasts, aukin verði endurvinnsla plasts, unnið gegn plastmengun í hafi og ráðist í aðgerðir gegn matarsóun. Suðurnes ætla að taka forystu í þessari nálgun og kortleggja þessa framtíðarsýn á grunni þeirrar umræðu sem þegar hefur átt sér stað og þróa enn frekar.
- Skipulagshópur innan Suðurnesjavettvangs mun halda utan um verkefnið í samræmi við samþykktu innleiðingaráætlun.
- Við ætlum að snúa vörn í sókn á Suðurnesjum, efla atvinnulíf og styrkja innviði svæðisins. Öll sveitarfélögin fjögur, Isavia, Kadeco og SSS hafa tekið þátt í undirbúningi fyrir samráðsfundinn þar sem Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna hafa verið leiðarljós.